

Mánudaginn 9. nóvember 1970.

Nr. 103/1970. **Friðrik Ólafsson**

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

gegn

Matvælaíðjuni h/f

(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómaramir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Ógildi loforðs.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. maí 1970 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 171.992.07, en til vara kr. 167.008.84, ásamt 7% ársvöxtum frá 1. júní 1968 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í erindi áfrýjanda og fimm annarra rækjuútgerðarmanna á Bildudal 28. október 1967 til stefnda segir m. a.: „Í Ísafjarðarsamningunum er tekið fram, að verði gengisfelling, hækki verð til rækjuveiðisjómanna, sem henni nemur . . . teljum við, að sjónarmið bæði yðar og okkar hafi verið, að við ættum að bera sama úr býtum og rækjuveiðisjómenn norður á Ísafirði. Með öðrum orðum, að verð fyrir rækju upp úr sjó verði kr. 8.50 pr. kíló, og verði gengisfelling, þá hækki verðið, sem henni nemi. Við viljum vinsamlegast biðja yður að staðfesta með bréfi til einhvers undirritaðs, að það samkomulag, sem gert var á Ísafirði, gildi einnig hér í Bildudal“. Í svarbréfi stefnda til áfrýjanda 30. október 1967 segir m. a.: „Viljum vér hér með staðfesta, að vér samþykkjum að greiða yður kr. 8.50 pr. kíló frá upphafi veiðanna og sömu-leiðis, að verði gengisbreyting, að þá hækki rækjuverðið til yðar í hlutfalli við það. Oss er ókunnugt um, hvernig gengis-

breytingarákvæði þeirra Ísfirðinga hljóðar, en vér viljum taka fram, að vér leggjum þann skilning í verðhækkun við gengislækkun, að hún verki ekki aftur fyrir sig, heldur komi verðhækkun hennar vegna til framkvæmda þann dag, sem gengisbreytingin á sér stað“.

Í samkomulagi milli Smábátafélagsins Hugins, Ísafirði, og rækjukaupmanna við Ísafjarðardjúp 24. október 1967 segir m. a. svo: „1. Umsamið verð á rækju upp úr sjó skal vera kr. 8,50 — átta krónur og fimmtíu aurar — pr. kg., miðað við, að seljandi skili rækjunni á bryggju, og skal gilda fyrir vertíðina 1967—68. . . .

3. Verði gerð veruleg gengislækkun á samningstímabilinu, sem hróflí þeim grundvelli, er samkomulag þetta er byggt á, skal verðið tekið til endurskoðunar“.

Því er yfir lýst í málflutningi, að rækjuútgerðarmenn á Ísafirði hafi eigi hlotið verðhækkun á rækju á vertíðinni 1967—1968 vegna gengisfellingarinnar 24. nóvember 1967.

Svo sem gögn málsins, þau er rakin voru, bera með sér, reisti áfrýjandi og félagar hans tilmæli sín í erindinu frá 28. október 1967 um verðhækkun vegna gengisfellingar á algerlega rangri og villandi frásögn um samninga rækjuútgerðarmanna og rækjukaupmanna á Ísafirði. Telja verður, að hin villandi greinargerð áfrýjanda og félaga hafi orðið tilefni til hins hvatvíslega loforðs stefnda. Að svo vöxnu máli ber að líta svo á, að hann sé óbundinn af loforðinu. Samkvæmt þessu er héraðsdómurinn staðfestur.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. marz 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 3. marz s.l., hefur Friðrik Ólafsson, Dalbraut 10, Bíldudal, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 11. júní 1969, á hendur Matvælaíðjunni h/f, Bíldudal, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 304.126.99 auk

12% ársvaxta af kr. 128.772.37 frá 1. júní 1967 til 31. maí 1968 og af allri upphæðinni frá 1. júní 1968 til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og honum tildæmdur fullur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Stefnandi greindi kröfu sína í fjóra þætti, þannig:

1. Kr. 65.323.57. Endurkrafa vegna frádráttar stefnda á þeirri upphæð frá inneign stefnanda sökum meintrar skuldar hans í árslok 1966.

2. Kr. 63.448.80. Endurkrafa sökum millifærslu úr inneign stefnanda hjá stefnda til Kaupfélags Arnfirðinga vegna meintrar skuldar stefnanda við kaupfélagið.

3. Kr. 3.362.55, sem stafa af því, að stefnandi telur sig hafa fengið of lágt verð fyrir rækju hjá stefnda. Rækja þessi var inn lögð á tímabilinu 15. janúar 1967 til 30. apríl sama ár.

4. Kr. 171.992.78 vegna gengisuppbótar á rækjuverð.

Í þinghaldi 3. marz s.l., áður en málið skyldi munnlega flutt, varð með aðiljum málsins svofelld sátt um 1.—3. lið í kröfum stefnanda:

„Stefndi verður við þessum kröfuliðum svo, að hann lofar að greiða stefnanda kr. 90.000.00 án vaxta svo og kr. 17.000.00 í málskostnað. Helming fjárhæðanna greiði stefndi 15. marz 1970 og eftirstöðvarnar 15. apríl 1970.

Jafnframt afhendir lögmaður stefnda lögmanni stefnanda yfirlýsingu um, að Friðrik Ólafsson sé skuldlaus við Kaupfélag Arnfirðinga pr. 31. 12. 1967, um leið og hann lofar að greiða inneign Friðriks hjá kaupfélaginu pr. 13. 12. 1968, kr. 3.542.70 (skv. dskj. nr. 37 og 38 í málinu), þann 15. 3. 1970.

Málið heldur því að öðru leyti áfram um lið 4 í stefnukröfunni, kr. 171.992.07“.

Af frekari sátt varð ekki í málinu. Eftir stendur þá af kröfu stefnanda kr. 171.992.07 ásamt 12% dráttarvöxtum frá 1. júní 1968 til greiðsludags svo og málskostnaður að skaðlausu samkvæmt lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í.

Af þessum lið kröfu stefnanda krefst stefndi sýknu og að honum verði dæmdur málskostnaður vegna þessa liðar í kröfum stefnanda.

Málavextir eru þeir, að þann 28. október 1967 ritar stefnandi

ásamt fimm öðrum rækjuseljendum Matvælaiðjunnri h/f, Bildudal, bréf, svohljóðandi:

Matvælaiðjan h.f., Bildudal.

Vegna samninga þeirra, sem nú hafa verið gerðir á Ísafirði milli rækjuveiðisjómanna og rækjukaupenda, þykir okkur undirrituðum rétt að taka fram eftirfarandi:

1. Samkomulagið á Ísafirði virðist vera beinir samningar á milli áðurnefndra tveggja aðila, en ekki, eins og við reiknuðum með, að hlutur hvers og eins aðila um sig yrði ákveðinn af ríkisvaldinu, ef um uppbætur í einhverri mynd yrði um að ræða.

2. Í Ísafjarðarsamningunum er tekið fram, að verði gengisfelling, hækki verð til rækjuveiðisjómanna, sem henni nemur. Hinsvegar var ekki á þetta atriði minnst í samningaviðræðum okkar við yður, en við teljum nauðsynlegt, að við fáum loforð fyrir því, að svo verði.

Þrátt fyrir það, sem að framan greinir, teljum við, að sjónarmið bæði yðar og okkar hafi verið, að við ættum að bera sama úr bitum og rækjuveiðisjómenn norður á Ísafirði. Með öðrum orðum, að verð fyrir rækju upp úr sjó verði kr. 8.50 pr. kíló og verði gengisfelling, þá hækki verðið, sem henni nemi.

Við viljum því vinsamlegast biðja yður að staðfesta með bréfi til einhvers undirritaðs, að það samkomulag, sem gert var á Ísafirði, gildi einnig hér á Bildudal.

Virðingarfyllst,

Sigurm. Jörundsson

Gísli Friðriksson

Guðm. R. Einarsson

Jón Kristmundsson

Jón Jóhannesson

Friðrik Ólafsson“.

Með bréfi, dagsettu 30. október 1967, stíluðu til stefnanda máls þessa, svarar Gísli Theódórsson, framkvæmdastjóri stefnda, til-mælum rækjuseljendanna. Bréf þetta er svohljóðandi:

„Oss hefur í dag borizt bréf yðar, dagsett 28. október 1967, varðandi rækjuverð.

Viljum vér hér með staðfesta, að vér samþykkjum að greiða yður kr. 8.50 pr. kíló frá upphafi veiðanna og sömuleiðis, að verði gengisbreyting, að þá hækki rækjuverðið til yðar í hlutfalli við það. Oss er ókunnugt um, hvornig gengisbreytingar-ákvæði þeirra Ísfirðinga hljóðar, en vér viljum taka fram, að vér leggjum þann skilning í verðhækkun við gengislækkun, að

hún verki ekki aftur fyrir sig, heldur komi verðhækkunin hennar vegna til framkvæmda þann dag, sem gengisbreytingin á sér stað.

Getum vér eigi samþykkt, að verðhækkun vegna gengisbreytingar verki aftur fyrir sig, þar sem vér erum að selja rækju, sem nú er veidd á innanlandsmarkaði, eins mikið og mögulegt er“.

Þann 24. nóvember 1967 var gengi íslenzkrar krónu lækkað, þannig að gengi eins Bandaríkjadals var skráð kr. 57.00 í stað kr. 43.00 áður, og hafði þannig orðið verðhækkun á stofngenginu, sem nam 32.558%.

Stefnandi hefur haldið því fram, að í samræmi við greint samkomulag bæri stefnda að greiða kr. 11.27 á kílóíð af innlagðri rækju í stað kr. 8.50 áður.

Á tímabilinu 24. nóvember 1967 til 15. maí 1968 kveðst hann hafa lagt inn hjá stefnda samtals 62.091 kg. af rækju. Það er ágreiningslaust, að þetta magn hafi verið lagt inn hjá stefnda á þessu tímabili. Stefndi gerði upp við stefnanda með kr. 8.50 á kíló þrátt fyrir yfirlýsinguna á dskj. nr. 24, sem rakið er hér að ofan, og gerir stefnandi kröfu um mismuninn, samtals kr. 171.992.07.

Lögmaður stefnanda upplýsti, að Bílddælingarnir hefðu skrifað bréfið á dskj. nr. 23, eftir að þeir fréttu um hækkun frá Ísafirði. Hann upplýsti jafnframt, að samkvæmt upplýsingum formanns rækjuveiðifélagsins á Ísafirði hefði samningur verið gerður milli rækjuseljenda og rækjukaupenda á Ísafirði þann 24. október 1967 og í þeim samningi hafi verið ákvæði um það, að ef veruleg gengisfelling yrði, skyldi rækjuverðið tekið til endurskoðunar. Lögmaðurinn upplýsti jafnframt, að eftir gengisfellinguna hefði samningurinn á Ísafirði ekki verið endurskoðaður og engin hækkun verið veitt. Hann mótmælti því þó, að forsendur væru brostnar vegna engrar hækkunar á rækjuverðinu á Ísafirði.

Lögmaðurinn flutti mál sitt einnig með tilliti til laga nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Taldi hann, að lögin næðu ekki til atvika þeirra, sem mál þetta er risið af. Taldi hann, að samkvæmt greinargerð með lögunum þá næðu lögin ekki til atriða í kaupgjaldsmálum, en sjómenn fái hlut sinn reiknaðan af rækjuverðinu og af því leiði, að lögin nái ekki til þeirra atriða, sem hér sé fjallað um. Jafnframt sé með samningnum á Bíldudal ekki átt við fjárskuldbindingar í skilningi laganna, þar sem lögin eigi aðeins við þau tilvik, að vara eða þjónusta sé látin í té fyrir gengisfellinguna, en endurgjaldið eigi

að koma eftir hana. Að öðru leyti nái lögin fyrst og fremst til lánastarfsemi. Skuldbinding stefnda samkvæmt dskj. nr. 24 eigi ekki við, nema um rækju, veidda, eftir að gengisfelling hafi orðið. Eftir gengisfellinguna hafi stefndi tekið við rækjunni athugasemdalaust og rækjan af rækjuseljendum verið lögð inn í trausti til samningsins. Annars hefðu farið fram nýjar samningaumleit-anir. Hann taldi það vera visst ákvæði í öllum samningum sjó-manna, að þeir skyldu endurskoðaðir, ef gengisfelling yrði.

Lögmaður stefnda byggði mál sitt á því, að í réttarskjali nr. 23 fullyrði Bílddælingar, að rækjuverð til sjómanna á Ísafirði muni samkvæmt samningi hækka um það, sem gengisfelling muni nema, ef á hana reyni. Því óska þeir eftir sams konar loforði frá Matvælaiðjunni h/f. Jafnframt taki þeir þar fram, að sjónar-mið þeirra og Matvælaiðjunnar hafi verið, að rækjuveiðisjómenn á Bíldudal fengju það sama og þeir ísfirzku. Lögmaðurinn hélt því fram, að umbjóðandi hans hefði treyst fullyrðingum Bíld-dælinganna og því gefið loforðið á dskj. nr. 24 í því trausti og byggt á þessu sameiginlega sjónarmiði allra. Fullyrðing Bílddæl-inganna hafi reynzt röng eða byggð á einhverjum misskilningi. Ísfirðingarnir hefðu ekki samið um og ekki fengið gengisuppbót af rækjuverði, heldur áfram kr. 8.50, svo sem allir aðrir rækju-sjómenn. Hann hélt því jafnframt fram, að enginn Bílddæling-anna hefði farið fram á þessa gengisuppbót, fyrr en bréf lög-manns stefnanda, dags. 6. marz 1969, hafi borizt Matvælaiðjunni. Hann taldi, að samkvæmt lögjöfnun frá 54. gr. laga nr. 39/1962 væri of seint af stað farið með athugasemdir. Heilt ár væri liðið frá uppgjöri stefnda við stefnanda.

Hann vitnaði til 30. gr. og 32. gr. samningalaganna, sem hann taldi eiga við í þessu tilfelli og leiða til þess, að stefndi væri ekki bundinn við samninginn. Jafnframt taldi hann, að ef ekki yrði svo litið á, að þessi ákvæði samningalaganna ættu við, þá væri í öllu falli brostnar forsendur fyrir loforði stefnda til stefn-anda samkvæmt dskj. nr. 24. Hann taldi, að útgerðarmennirnir sjálfir legðu til forsendur fyrir loforði stefnda á dskj. nr. 24. Hann hélt því fram, að útgerðarmennirnir hefðu allir fengið strax að vita, að ekki yrði staðið við samninginn á dskj. nr. 24 og við þá hafi verið gert upp eftir eldra verðinu. Ef svo skyldi fara, að talið yrði, að standa ætti við samkomulagið, þá taldi hann, að samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 71/1966 væri fjárskuldbinding eins og sú, sem fram komi á dskj. nr. 24, ógild. Orðið fjárskuld-binding sé miklu víðtækara en lögmaður stefnanda vilji vera

láta. Benti hann í því sambandi á greinargerðina með lögnum, þar sem fjallað sé um 1. gr. laganna.

Hann benti jafnframt á, að hvergi væri gert ráð fyrir því við kaup- og kjarasamninga, að þeir hækkuðu vegna gengisfellinga, án þess að nokkuð frekara þyrfti til að koma. Heldur væri þar heimild um endurskoðun, ef gengisfelling yrði. Hann taldi óheimilt, að slíkt ákvæði væri í kaup- og kjarasamningum. Það stangaðist á við 2. mgr. 1. gr. laga nr. 71/1966. Hann taldi þau lög eiga við alls konar fjárskuldbindingar og vitnaði í því sambandi til tilgangs löggjafans með þeim lögum.

Svo sem fram kemur í bréfi á dskj. nr. 41, byggja seljendur rækju á Bíldudal kröfu sína á hendur stefnda á því, að í samningum rækjuseljenda á Ísafirði sé ákvæði um hækkun, sem nemi gengisfellingu, ef af henni verði. Jafnframt vitna þeir til þess, sem þeir telja sameiginlegt sjónarmið þeirra og stefnda, að þeir beri það sama úr bótum og stéttarbræður þeirra á Ísafirði. Þessar upplýsingar reyndust rangar, eins og fram kom hjá lögmanni stefnanda við munnlegan flutning málsins. Í svarbréfi sínu á dskj. nr. 24 virðist stefndi ganga út frá því, að þær séu réttar, það sýnir orðalag bréfsins, „hvernig gengisbreytingarákvæði þeirra Ísfirðinga hljóðar“.

Á því verður að byggja í máli þessu, að upplýsingar þær, sem fram koma í bréfi rækjuseljendanna um Ísafjarðarsamningana hafi verið ákvörðunarástæða stefnda til loforðs hans. Þetta mátti stefnda vera ljóst. Þar sem þær reyndust rangar, verður ekki talið, að stefndi sé bundinn við loforð sitt. Er þá einnig á því byggt, að stefndi gerði upp við rækjuseljendur eftir gamla verðinu, og stefnandi hefur ekki sannað, að hann hafi hreyft andmælum við því, fyrr en málið var komið í hendur lögmanns hans.

Af þessu leiðir, að sýkna ber stefnda af kröfu stefnanda samkvæmt umdeildum kröfulið.

Málskostnaður fellur niður.

Hrafn Bragason, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Matvælaiðjan h/f, skal sýkn af kröfu stefnanda, Friðriks Ólafssonar, samkvæmt umdæmdum kröfulið.

Málskostnaður fellur niður.